

Að vera ekki alltaf hið fullkomna foreldri

Apríl 2015

Við sem erum foreldrar í nútímasamfélagið könnumst sennilega flest, ef ekki öll, við þá tilfinningu að finnast við ekki alltaf standa okkur sem best. Að fara að sofa að kvöldi vitandi það að við gerðum nokkur uppeldisfræðileg „mistök“ þann daginn. Og stundum verða þessir dagar fleiri á köflum en þeir dagar sem við finnst við hafa staðið okkur vel.



Stundum komum við þreytt heim eftir langan vinnudag og börnin jafnvel enn þreyttari eftir sinn vinnudag og þá getur eitt og annað komið upp í dagsins amstri. Við sem erum með ung börn, á leikskólaaldri, könnumst við örugglega flest við það að hafa einfaldlega bara kveikt á sjónvarpinu og sótt kex pakkann upp í skáp klukkan

hálf fimm, bara til að fá smá frið fyrir suði eða rifrildi ungra systkina. Eða að eyða heilum sunnudegi bara algjörlega fyrir framan kassann með snakk í skál af því það er svo miklu átakaminna heldur en að fara út að leika, eða búa til leir og setja upp hina fullkomnu gæðastund með mömmu og pabba.

Við könnumst líka alveg örugglega flest við það að hafa hækkað röddina þegar við ætluðum ekki að gera það, jafnvel algjörlega af tilefnislausu eða kannski hækkað hana meira en við ætluðum svo út kom öskur. Eða að hafa gefið eftir við kvöldverðarborðið og gefið börnunum bara súrmjólk og cheerios af því að „ég borða ekki svona fisk“ .. af því það var auðveldara en að taka slaginn um matvendi eða uppreisn þriggja ára sem veit sko alveg hvað það ætlar ekki að borða. Eða að hafa ekki burstað tennurnar nógu vel þetta kvöldið af því að við vorum of þreytt eða pirruð fyrir samningaviðræður. Eða að hafa sagt eitthvað í átt við „ja ef þú ætlar ekki að taka til þá bara færð þú ekki að leika með þetta dót“... og svona mætti eflaust áfram telja.

Þýðir þetta að við séum ómögulegir foreldrar? Þýðir þetta að við séum vond við börnin okkar og eigum að skammast okkar? Að okkur hafi mistekist og séum búin að skaða börnin okkar? Ég velti þessu oft fyrir mér því ég er eitt af þessum foreldrum sem geri stundum svona uppeldisfræðileg „mistök“. Ég hef því miður stundum öskrað þegar börnin mín hlýða mér ekki. Ég hef stundum bara gefið Cocoa Puffs í kvöldmatinn af því ég veit að þá þarf ég ekki að ræða neina matvendi við matarborðið. Eða sleppt því að burstað tennurnar eitt kvöld. Eða gefið kex og kveikt á sjónvarpinu, vitandi það að kvöldmaturinn er handan við hornið. Er ég þá kannski óhæf móðir? Nei ég held ekki, því börnin mín eru það dýrmætasta sem ég veit á þessari jörð og ég veiti þeim allt það sem þau þurfa. Ég set plástur á sárið þegar þau detta, ég finn „sofubangsann“ þegar hann er týndur, ég syng fyrir þau áður en þau sofa, ég sit á gólfinu og leik í bílaleik eða „mömmó“ með þeim, ég hlæ með þeim þegar þau gleðjast og stundum græt ég í hljóði með þeim þegar þau eru sorgmædd. Og ég segi þeim á hverjum degi að ég elski þau og ver tíma með þeim á hverjum degi, þó hann sé ekki alltaf uppfullur af uppeldisfræðilegum fræðlustundum heldur bara að sitja saman og horfa á teiknimynd.. án þess að spila „candy crush“ í símanum um leið. Og kannski það sem ekki má gleymast, þegar ég hef gert mistök og sagt eitthvað við þau sem ég hefði viljað sleppa, eða hækkað röddina, þá bið ég þau afsökunar og segi þeim að það sé ekki þeim að kenna.

Krafan á foreldra í dag er töluverð. Við eigum öll að vera útvinnandi. Við eigum að stunda líkamsrækt og áhugamál. Börnin okkar eiga líka að stunda líkamsrækt og áhugamál til viðbótar við það að vera í sinni vinnu, skólanum. Við eigum svo að sjálfsögðu að eiga saman frábærar fjölskyldu-gæðastundir. Við eigum öll sömul að borða hollt og matreiða hollan mat og halda góðri rúttíu í lífinu því börn þurfa rúttíu og skipulag svo þeim líði vel. Ég efast ekki um neitt af öllu þessu, þetta er allt saman hollt og gott fyrir okkur öll, en sumt þarf samt sem áður að vera í hófi og sumt er hægt að sameina .. þó ekki væri nema til að minnka álagið og áreitnið sem fylgir því að koma þessu öllu fyrir í dagskránni. Ég held líka að við séum öll mannleg og gerum stundum mistök, algjörlega án þess að meina nokkuð illt með því. Stundum held ég líka að það geti verið gott fyrir börnin okkar að við séum ekki fullkomin því það hlýtur að vera skelfilegt að þurfa að standa undir því, bæði fyrir okkur sem foreldra og ekki síst fyrir börnin okkar því það er nú einu sinni þannig að við erum þau sem börnin okkar bera sig saman við og vilja líkjast. Ef við erum fullkomin, hvað þurfa börnin okkar þá að vera?

Ég er hér með ekki að réttlæta eitthvað sem hægt væri að kalla vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum því það er klárlega vandi sem ekki er í lagi að horfa framhjá, heldur er ég að tala um foreldra sem bara stundum upplifa það að standa sig ekki í stykkinu af því að þeir gleyma stundum fínu og flottu uppeldisaðferðunum sem þeir ákváðu að þeir ætluðu að nota...alltaf...án undantekninga. Að velja sér uppbyggilega uppeldisaðferð er frábært og flestum okkar tekst að nota þær, svona oftast, en flest okkar klikka líka á þeim einstaka sinnum. En það gerir okkur ekki endilega að slæmum foreldrum heldur bara mannlegum foreldrum.

Höfundur: Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi.